

## Mat á notagildi nýjasta sænska fósturvaxtarritsins í íslensku þýði

**Jóhanna Gunnarsdóttir, sérfræðilæknir og lektor**

Linda Lindström, fæðingalæknir

Alexander Smáráson, fæðingalæknir, yfirlæknir og prófessor

Hulda Hjartardóttir, fæðingalæknir, yfirlæknir

Thor Aspelund, tölfræðingur og prófessor

Áslaug Haraldsdóttir, læknanemi, master í stærðfræði

Markmið rannsóknar er að kanna notagildi nýjasta sænska vaxtarrits fóstura í íslensku þýði. Sænska vaxtarritið byggir á endurteknum mælingum með sónar á áætlaðri þyngd fóstura í móðurkviði, en sambærilegt íslenskt fósturvaxtarrit liggur ekki fyrir. Fóstur og nýfædd börn eru flokkuð létt og þung miðað við meðgöngulengd (small and large for gestational age, SGA/LGA). Siðferðilega er mikilvægt að vaxtarfrávik spái réttilega fyrir um aukna fylgikvillahættu og jafnframt að sem fæstar konur upplifi meðgönguna óeðlilega, en íslensk börn fæðast óvenjulega stór. Hluti af SGA fósturum verða fyrir fylgjuþurrð og deyja oftár í móðurkviði miðað við börn sem vaxa eðlilega. Óljóst er hve stórt hlutfall íslenskra fóstura þarf að skilgreina sem SGA til að finna flest fóstur í lífshættu. Sennilegt er að hlutfall fóstura sem flokkast SGA (undir 10. percentíl) sé lægra ef alþjóðlegt vaxtarrit er notað miðað við sænskt. Án tengsla við útkomu er ekki hægt að sannreyna gagnsemi vaxtarrita sem skimunartæki fyrir sjúkdómsástandi. Nákvæmni sænska vaxtarritsins til að greina á milli fæðinga með og án fylgikvilla verður metin í rannsókninni. Einnig verður kannað við hvaða mörk er réttast að skilgreina stærð sem óeðlilega (SGA og LGA) vegna tengsla við fylgikvilla. Jafnframt verður sænska fósturvaxtarritið borið saman við önnur fósturvaxtarrit og kannað hvert þeirra greinir best milli barna sem fæðast lifandi og dáin. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um eðlilega stærð íslenskra nýbura við fæðingu en gengið hefur verið út frá því að íslenskt þýði sé eins og sænskt, en þetta verður einmitt kannað í rannsókninni. Vænta má að rannsóknin auðveldi réttmæta greiningu vaxtarfrávika meðal íslenskra fóstura og nýbura og niðurstöðurnar munu nýtast við skipulagningu mæðraverndar kvenna sem áður fæddu börn með vaxtarfrávik.